



# LÁNSSAMNINGUR

nr. 1802\_10

**milli**

**Lánasjóðs sveitarfélaga**  
sem lánveitanda

**og**

**Hafnarfjarðarhafnar**  
sem lántaka

**og**

**Hafnarfjarðarkaupstaður**  
sem ábyrgðaraðila

## EFNISYFIRLIT

1. SAMNINGSAÐILAR.....	3
2. LÁNSFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN .....	3
3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA .....	3
4. VEXTIR.....	3
5. TRYGGINGAR – EINFÖLD ÁBYRGÐ OG VEÐYFIRLÝSING .....	4
6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA .....	4
7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN .....	4
9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR .....	6
10. TILKYNNINGAR.....	7
11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNÐANÞÁGU FRÁ ÞAGNARSKYLDU .....	7
12. FORCE MAJEURE.....	7
13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM .....	8
14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA OG ÁBYRGÐARAÐILA.....	8
15. LÖG OG VARNARÞING .....	8
16. ÖNNUR ÁKVÆÐI .....	9
Viðauki I .....	10
Viðauki II .....	11

## 1. SAMNINGSAÐILAR

Lántaki: Hafnarfjarðarhöfn, kt. 590169-5529, Óseyrarbraut 4, 220 Hafnarfirði.

Lánveitandi: Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, Reykjavík.

Ábyrgðaraðili: Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði

## 2. LÁNSFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN

- 2.1. Lántaki lofar að taka að láni og lánveitandi lofar að lána íslenskar krónur 94.000.000 – níutíuogfjórarmilljónir - til 15 ára.
- 2.2. Lánið kemur til útborgunar í einu lagi eigi síðar en fimm bankadögum eftir að beiðni lántaka um útborgun lánsins berst lánveitanda skv. fyrirmynd í Viðauka II. Bankadagur í samningi þessum er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
- 2.3. Tilgangur láns þessa er fjármögnun á verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, nánar tiltekið fjármögnun á uppgjöri lífeyrisskuldbindinga við lífeyrissjóðinn Brú. Lántaki ábyrgist gagnvart lánveitanda að svo sé og skuldbindur sig til að ráðstafa láninu til framangreinds verkefnis.

## 3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA

- 3.1 Lántaki skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með 30 jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 5. júní 2018 og í síðasta sinn 5. desember 2032. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Greiðslustaður lánsins skal vera hjá lánveitanda.
- 3.2.1 Lántaka er heimilt að greiða lánið upp að hluta eða að öllu leyti á gjalddögum áður en að lokagjalddaga er komið án kostnaðar fyrir lántaka. Uppgreiðslur eða innborganir umfram umsamdar afborganir skal tilkynna lánveitanda með 30 daga fyrirvara.

## 4. VEXTIR

- 4.1 Vextir eru óverðtryggðir og reiknast af höfuðstól lánsins frá útborgunardegi. Vextirnir eru 6 mánaða REIBOR millibankavextir auk 0,50% vaxtaálags. Vaxtadagaregla er ACT/360.
- 4.2. Vaxtaálag skv. 4.1. gildir til 5. júní 2023, (fimm ára tímabil) en þá er lánveitanda heimilt með að minnsta kosti 30 bankadaga fyrirvara að tilkynna um nýtt vaxtaálag og gildistíma þess.
- 4.3. Vextir skv. gr. 4.1. skulu greiðast á 6 mánaða fresti í fyrsta sinn þann 5. júní 2018 og þar til höfuðstóll lánsins er að fullu greiddur. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir.
- 4.4. Standi lántaki ekki skil á greiðslu á gjalddaga ber honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ber þá að greiða dráttarvexti

samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ef af einhverjum ástæðum vanskil hafa varað lengur en 12 mánuði skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól lánsins á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila í samræmi við ákvæði gildandi laga um vexti og verðtryggingu á hverjum tíma.

## **5. TRYGGINGAR – EINFÖLD ÁBYRGÐ OG VEÐYFIRLÝSING**

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði, veitir ábyrgðaraðili einfalda ábyrgð sína með áritun á samning þennan sbr. 1. mgr. 69. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og veðsetur ennfremur til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga, nánar tiltekið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012. Greiðsluskylda ábyrgðaraðila verður virk þegar lántaki hefur vanefnt greiðslu og lánveitandi sannar að engar efndir verði fengnar úr hendi lántaka vegna ógjaldfærni hans. Lánveitandi skal þá tilkynna um vanskilin til ábyrgðaraðila og veita honum 14 daga frest til að koma láninu í skil en komi til vanskila ábyrgðaraðila er lánveitanda heimilt að ganga að framangreindum tryggingum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar en að uppfylltum þeim kröfum sem koma fram í reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012.

## **6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA**

- 6.1. Lántaki greiðir kostnað vegna innheimtu lánsins, svo sem tilkynningar- og greiðslugjald, millifærslukostnað og þess háttar kostnað sem kann að stofnast til vegna lánveitingarinnar.
- 6.2. Lántaki greiðir öll opinber gjöld og skatta sem lögð kunna að vera á samninginn, lánveitanda að skaðlausu.
- 6.3. Komi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum, skuldbindur lántaki sig til þess að greiða lánveitanda auk vaxta og dráttarvaxta allan kostnað sem lánveitandi leggur út fyrir vegna vanefndanna, lögmannspóknun eða annars er lánveitanda ber að greiða, svo og annan kostnað vegna innheimtu lánsins.

## **7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN**

Það er skilyrði fyrir útborgun lánsins samkvæmt samningi þessum að lántaki hafi afhent lánveitanda eftirtalin skjöl á því formi sem er fullnægjandi að mati lánveitanda:

- a) Staðfest afrit fundargerðar stjórnar lántaka þar sem lántaka og umboð til undirritunar lánssamningsins er samþykkt sem er ásættanleg að mati lánveitanda.
- b) Staðfest afrit félagssamþykktu.
- c) Staðfest afrit fundargerðar sveitarstjórnar ábyrgðaraðila þar sem samþykkt er að veita einfalda ábyrgð vegna lánssamningsins og veðsetning ábyrgðaraðila á tekjum hans vegna ábyrgðar sinnar á skuldbindingum lántaka ásamt veitingu umboðs til undirritunar

lánssamningsins, sbr. viðauka I við samning þennan, sem er ásættanleg að mati lánveitanda.

- d) Samþykkt ábyrgðaraðila, sbr. 9. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011.
- e) Mat á skuldbindingu samkvæmt 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ef við á.
- f) Beiðni um útborgun láns, sbr. viðauki II við samning þennan, sem er ásættanleg að mati lánveitanda.
- g) Önnur gögn og staðfestingar sem lánveitandi telur nauðsynlegt að liggja fyrir til að útborgun lánsins megi fara fram, þ.m.t. gögn sem sýna fram á að lántaki sé alfarið í eigu sveitarfélags sem ber ábyrgð á skuldbindingum lántaka gagnvart lánveitanda.

## 8. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR

Fram til þess tíma að lánið er að fullu endurgreitt skuldbindur lántaki sig til að:

Fram til þess tíma að lánið er að fullu endurgreitt skuldbindur lántaki sig til að:

- a) Hafa ávallt fullnægjandi tryggingar að mati lánveitanda vegna rekstrar og eigna.
- b) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, ársreikning sem endurskoðaður hefur verið af endurskoðanda.
- c) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, allar frekari upplýsingar um fjárhagsstöðu lántaka, auk upplýsinga um fjárhagsstöðu móður- og dótturfyrirtækja lántaka, sem hann hefur aðgang að.
- d) Upplýsa lánveitanda þegar í stað ef upp koma þær aðstæður sem rætt er um í 9. gr. samnings þessa (Uppsögn samningsins - gjaldfellingarheimildir).
- e) Selja ekki allar eignir sínar eða verulegan hluta þeirra án samþykkis lánveitanda. Í þessu sambandi telst sala á verulegum hluta eigna vera ef söluverð eða bókfært verð hinna seldu eigna nemur hærra hlutfalli en 25 % af heildareignum lántaka skv. endurskoðuðum ársreikningi.
- f) Upplýsa lánveitanda um ef hann greiðir upp önnur lán eða greiðir inn á önnur lán umfram samningsskyldu sem nemur hærri fjárhæð en því sem nemur 20% af tekjum lántaka fyrir síðastliðið almanaksár.
- g) Sameinast ekki öðru félagi/félögum eða skipta félaginu upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög, nema með samþykki lánveitanda.
- h) Veðsetja ekki eignir sínar fyrir lánum sem hann tekur né öðrum fjárhagslegum skuldbindingum hverju nafni sem nefnast, nema samskonar trygging sé jafnframt sett fyrir skuldbindingum lántaka samkvæmt lánssamningi þessum.
- i) Breyta ekki starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi lántaka í samþykktum, nema með samþykki lánveitanda.

- j) Breyta ekki samþykktum sínum þannig að sala á eignarhlutum til einkaaðila verði gerð möguleg.
- 8.2. Fram til þess tíma að lánið er að fullu endurgreitt skuldbindur ábyrgðaraðili sig til þess að (i) framselja ekki eignarhlut sinn í lántaka án samþykkis lánveitanda og (ii) gera engar ráðstafanir sem verði til þess að lántaki færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

## 9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR

- 9.1. Við einhver eftirtalin skilyrði er lánveitanda heimilt að segja öllu láninu upp einhliða, fyrirvaralaust og án aðvörunar:
- a) Ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta hafa varað 60 daga eða lengur.
  - b) Ef einhverjar upplýsingar lántaka sem snerta efni lánessamningsins eða atriði honum tengd reynast hafa verið rangar eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda, þannig að hann hefði ekki, að mati lánveitanda, samþykkt lánveitinguna með þeim kjörum sem samningurinn felur í sér ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.
  - c) Ef lántaki ákveður að breyta rekstrarformi sínu, lántaki hættir starfsemi eða takmarkar hana verulega eða ef lántaki selur eignir sínar eða verulegan hluta þeirra þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánessamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
  - d) Ef fjárhagsstaða lántaka breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánessamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
  - e) Ef tryggingar/ábyrgðir að baki láninu eru ekki lengur fullnægjandi að mati lánveitanda og úr því er ekki bætt innan 30 daga frá tilkynningu lánveitanda þar að lútandi.
  - f) Ef lántaki innir ekki af hendi greiðslu á gjalddaga samkvæmt einhverjum samningi sem leggur á hann greiðsluskyldu og hafi samningurinn verið gjaldfelldur eða honum sagt upp vegna þess, eða ef hann vanefnir annað ákvæði slíks samnings og hafi samningnum verið rift eða hann gjaldfelldur vegna þess. Sama gildir ef lánveitanda er heimilt að gjaldfella lán til lántaka þar sem fjárhæð viðkomandi láns er að fjárhæð sem nemur a.m.k. 10% tekna lántaka á síðastliðnu almanaksári.
  - g) Ef fjárnám verður gert hjá lántaka, beðist er nauðungaruppboðs á eignum hans, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi hans eða leiti hann nauðasamninga, heimildar til greiðslustöðvunar eða eftirgjöf skulda.
  - h) Ef krafa kemur fram til slita á lántaka.
  - i) Ef lántaki verður sannanlega uppvís að því að brjóta gegn lögum og reglum í starfsemi sinni.
  - j) Ef lántaki eða ábyrgðaraðili brýtur gegn einhverri skuldbindingu sinni skv. 8. gr. (Sérstakar skuldbindingar).

- k) Ef lántaki vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt lánsamningnum og sú vanræksla varir í meira en 30 daga eftir að lánveitandi hefur áminnt lántaka um að framfylgja skyldunni.
  - l) Ef sérstakar yfirlýsingar lántaka og ábyrgðaraðila skv. 14. gr. samningsins reynast rangar.
  - m) Ef ársreikningar eða árshlutareikningar lántaka eru með áritun um fyrirvara um rekstrarhæfi af löggiltum endurskoðanda.
- 9.2. Ef láninu er sagt upp af hálfu lánveitanda getur lánveitandi gjaldfellt allar eftirstöðvar lánsins ásamt áföllnum vöxtum og öðrum greiðslum sem lántaka er skylt að greiða samkvæmt samningi þessum, þ.á.m. uppgreiðslugjaldi á grundvelli gr. 3.3. Ber lántaka að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfældri fjárhæð frá gjalddaga eða gjaldfellingardegi til greiðsludags sbr. gr. 6.3. og gr. 4.3.

## 10. TILKYNNINGAR

- 10.1. Allar beiðnir um breytingar á skilmálum lánsamningsins, svo og breytingarnar sjálfar ef til koma, skulu vera skriflegar.
- 10.2. Allar tilkynningar og beiðnir í tengslum við lánsamninginn skulu vera skriflegar. Þær skulu sendar með sannanlegum hætti til þess að þær geti talist gildar gagnvart mótaðila. Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- og pósthfangi.
- 10.3. Lánveitanda er heimilt að senda tilkynningar til lántaka á tölvupósthfangið [hofnin@hafnarfjordur.is](mailto:hofnin@hafnarfjordur.is) og ábyrgðaraðila á tölvupósthfangið [hafnarfjordur@hafnarfjordur.is](mailto:hafnarfjordur@hafnarfjordur.is) sem teljast einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku. Lántaka og ábyrgðaraðila er heimilt að senda tilkynningar til lánveitanda á tölvupósthfangið [lanasjodur@lanasjodur.is](mailto:lanasjodur@lanasjodur.is) sem telst einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku.

## 11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNÐANÞÁGU FRÁ ÞAGNARSKYLDU

Með undirritun sinni á lánsamning þennan samþykkja lántaki og ábyrgðaraðili með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að lánveitanda sé heimilt að miðla upplýsingum um lán þetta opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn lántaka, nafn ábyrgðaraðila, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.

## 12. FORCE MAJEURE

Verði veruleg breyting á viðskiptakjörum lánveitanda vegna atvika sem honum verður ekki kennt um, svo sem vegna breytinga á lánamörkuðum, ákvarðana stjórnvalda, styrjalda, kjarnorkuslysa, hryðjuverka eða atriða sem talin verða falla undir force majeure tilvik þannig að lánveitanda verði ómögulegt að afla lánsfjár til fjármögnunar á lánsamningi þessum á sambærilegum kjörum og gengið var út frá við gerð hans, getur lánveitandi að undangenginni tilkynningu til lántaka gjaldfellt eftirstöðvar lánsins með 60 daga fyrirvara.

Lánveitandi ber ekki ábyrgð á tjóni sem lántaki eða ábyrgðaraðili kunna að verða fyrir í tengslum við slíka gjaldfellingu né nokkra aðra gjaldfellingu samkvæmt lánessamningi þessum.

### **13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM**

Þó lánveitandi kjósi að hagnýta sér ekki strax, að fullu eða að hluta, þann rétt sem hann hefur samkvæmt lánessamningnum, takmarkar það ekki heimild hans eða möguleika til að hagnýta sér þann rétt síðar.

### **14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA OG ÁBYRGÐARAÐILA**

Lántaki og ábyrgðaraðili lýsa því yfir við undirritun samnings þessa og á hverjum vaxtagjaldþega lánsins að:

- a) Lántaki og ábyrgðaraðili hafa staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af þeirra hálfu til að skuldbinda sig samkvæmt lánessamningnum og uppfylla ákvæði hans og að lánessamningurinn sé því skuldbindandi fyrir þá að öllu leyti.
- b) Lánessamningurinn brýtur ekki í bága við nokkurn samning, sem lántaki eða ábyrgðaraðili eru aðilar að, eða nokkur lög eða reglur sem eiga við um lántaka eða ábyrgðaraðila.
- c) Lántaki og ábyrgðaraðili hafa ekki vitneskju um neinn réttarágreining, sem veikt gæti fjárhagsstöðu þeirra verulega eða hæfi þeirra til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánessamningsins.
- d) Ekkert af þeim tilvikum sem nefnd eru í 9. gr. (Uppsögn samningsins - gjaldfellingarheimildir) séu til staðar.
- e) Lántaki hefur látið lánveitanda í té allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að meta fjárhagslega stöðu hans.
- f) Engar þær upplýsingar sem fram koma í lánessamningnum eða eru í tengslum viðefni hans og lántaki hefur gefið, eru rangar eða ófullnægjandi.
- g) Lántaki sinnir verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga og lánið verður nýtt til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.
- h) Ábyrgðaraðili á lántaka að öllu leyti og skuldbindur sig til þess að eiga lántaka að öllu leyti fram til þess tíma að lánið er að fullu greitt.

### **15. LÖG OG VARNARÞING**

Um lánessamning þennan gilda íslensk lög. Rísi mál vegna lánessamnings þessa skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Lánessamningur þessi er alls 11 síður að viðauka meðtöldum. Er hann gerður í tveimur samhljóða eintökum og fær lántaki og lánveitandi hvort sitt eintak.



## 16. ÖNNUR ÁKVÆÐI

Lánveitanda er heimilt að selja þriðja aðila aðild að lánsamningi þessum í heild eða hluta, eða framselja lánið til þriðja aðila án samráðs við eða með skriflegu samþykki lántaka eða ábyrgðaraðila. Lántaka er ekki heimilt að framselja nokkur réttindi sín eða skuldbindingar samkvæmt lánsamningi þessum, nema með fyrirfram skriflegu samþykki lánveitanda.

Öllu framangreindu til staðfestu undirrita aðilar nöfn sín undir í votta viðurvist. Sá sem undirritar f.h. ábyrgðaraðila staðfestir sérstaklega einfalda ábyrgð og veðyfirlýsingu samkvæmt 5. gr. lánsamnings þessa með undirritun sinni f.h. ábyrgðaraðila.

\_\_\_\_\_  
Staður og dagsetning

f.h. lánveitanda,

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Staður og dagsetning

f.h. lántaka,

\_\_\_\_\_

f.h. ábyrgðaraðila,

\_\_\_\_\_

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: \_\_\_\_\_

Kt: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Kt: \_\_\_\_\_

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: \_\_\_\_\_

Kt: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Kt: \_\_\_\_\_

## Viðauki I



### **Ákvörðun um veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánasamningi vegna láns [fyrirtæki] frá Lánasjóði sveitarfélaga:**

[Sveitarstjórnin] samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns [fyrirtæki] hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. [ ], með lokagjalddaga þann [15. nóvember 2055], í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til [stutt lýsing á tilganginum með lántökunni] sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er [nafn umboðshafa og kennitala], veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. [sveitarfélagsins] að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Rithandarsýnishorn umboðshafa:

---

[Nafn umboðshafa]

## Viðauki II



dags. mán 2018

### Efni: Beiðni um útborgun láns.

Með vísan til 2. liðar samnings nr. 1802\_10 milli Hafnarfjarðarhafnar og Lánasjóðs sveitarfélaga, um lán að fjárhæð samtals 94.000.000 kr. er þess óskað að lánið verði greitt út með eftirgreindum hætti:

Fjárhæð:

Greiðsludagur: 2018

Viðtakandi greiðslu:

Reikningsnúmer:

Viðtökubanki:

Undirrituð/undirritaður staðfestir að hafa heimild til að skuldbinda lántaka með undirritun sinni.

---

F.h. lántaka